

# Fundargerð 67. ársþings HSS



Haldið í Félagsheimilinu á Hólmavík  
miðvikudaginn 30. apríl 2014



Miðvikudaginn 30. apríl kl. 19:30 var 67. ársþing HSS haldið í Félagsheimilinu á Hólmavík. Fimmtíu og tveir fulltrúar frá sjö aðildarfélögum höfðu atkvæðisrétt á þinginu, frá: Umf. Geisla, Umf. Neista, Umf. Leifi heppna, Umf. Hvöt, Skíðafélagi Strandamanna, Golfklúbbi Hólmavíkur og Sundfélaginu Gretti. Auk fulltrúa frá félögum og gestum sátu tveir gestir frá ÍSí fundinn.

### Dagskrá 67. ársþings HSS

Félagsheimilinu á Hólmavík miðvikudaginn 30. apríl kl. 19:30.

1. Þingsetning.
2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra og tveggja fundarritara.
3. Skipun kjörbréfanefndar.
4. Skýrsla stjórnar.
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
6. Skýrsla framkvæmdastjóra.
7. Kosning nefnda þingsins.
  - a. Uppstillingarnefnd.
  - b. Fjárhagsnefnd.
  - c. Íþróttanefnd
  - d. Allsherjar- og laganefnd.
8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.
9. Nefndarstörf.
10. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur.
11. Kosningar.
  - a. Stjórn og varastjórn sbr. 17. grein.
  - b. Tveir endurskoðendur og tveir til vara.
  - c. Ráð og nefndir skv. gildandi samþykktum og reglugerðum.
12. Önnur mál.
13. Þingslit.

### Fulltrúafjöldi félaga:

- Hvöt 5
- Geisli 19
- Golfkl. 4
- Skíðafélag Str. 7
- Neisti 7
- Sundf. Gettir 5
- Leifur Heppni 5



## 1. Þingsetning

Formaður HSS, Vignir Örn Pálsson setti fundinn og bauð þingfulltrúa og gesti þingsins velkomna. Gestir þingsins voru Halla Kjartansdóttir og Líney Rut Halldórsdóttir frá ÍSí.

## 2. Tilnefning fundarstjóra, varafundarstjóra og tveggja fundarritara

Vignir Örn Pálsson, formaður HSS, tilnefndi sjálfan sig sem fundarstjóra. *Samþykkt.*

Þá gerði formaður tillögu um Hrefnu Guðmundsdóttur og Esther Ösp Valdimarsdóttur sem fundarritara.

*Samþykkt samhljóða.*

## 3. Skipun kjörbréfanefndar

Fundarstjóri lagði fram tillögu um að Árný Huld Haraldsdóttir, Ingvar Bjarnason og Margrét Ólöf Bjarnadóttir skipuðu kjörbréfanefnd. *Samþykkt samhljóða.*

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

## 4. Skýrsla stjórnar

Vignir Örn Pálsson formaður las skýrslu stjórnar og fór í grófum dráttum yfir starf sambandsins síðastliðið starfsár.

Stjórn HSS var þannig skipuð sl. starfsár: Formaður Vignir Örn Pálsson, varaformaður Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, gjaldkeri Þorsteinn Newton, ritari Guðbjörg Hauksdóttir og meðstjórnandi Rósmundur Númason.

### Íþróttastarf:

Níu keppendur HSS kepptu á Landsmóti UMFÍ á Selfossi s.l. sumar og kepptu í bridge, frjálsum íþróttum og starfsíþróttum.

Götuþing fór fram í nágrenni Hólmavíkur í júní og í haust var keppt í þríþraut á Hólmavík sem endaði í Sundlaug Hólmavíkur. Pollamóti HSS 14 ára og yngri var haldið á Hólmavík í tengslum við Hamingjudaga í lok júní. Héraðsmót HSS í frjálsum fór fram í júlí s.l. á Sævangsvelli. Barnamót HSS í frjálsum fór fram í ágúst á félagssvæði umf. Leifs heppni í Árnesi.



Fjórir krakkar fóru til keppni á Unglingalandsmóti UMFÍ á Höfn í Hornafirði um Verslunarmannahelgina. Kepptu þau í fótbolta, frjálsum og stafsetningu.

HSS hélt fótboldamót á Hólmavík fyrir krakka 6–15 ára í haust og komu krakkar frá sambandsvæði HSS og Reykhólasveit á mótið.

Innanhússmót í frjálsum íþróttum fór fram í Íþróttamiðstöðinni á Hólmavík í desember.

Héraðsmót í skíðagöngu var haldið inn í Selárdal í vetur í samvinnu við Skíðafélag strandamanna.

Badmintonmót var haldið á Hólmavík í vetur. Borðtennismót var haldið á Hólmavík um páskana. Héraðsmót í bridge var haldið í Félagsheimilinu í Árnesi 1. maí s.l og verður aftur 1. maí n.k. í samvinnu við Bridgefélag Hólmavíkur og félaga í umf. Leifi heppna í Árneshrepp.

HSS er aðili að svokölluðu SamVest samstarfi, en það er samstarf héraðssambanda ungmennasambanda á Vesturlandi og sunnanverðum Vestfjörðum um sameiginlegar frjálsíþróttæfingar í Laugardalshöllinni og víðar. Nokkrir félagar af félagssvæði HSS tóku þátt í þessum æfingum og viðburðum tengdum því.

### Framkvæmdastjórn:

Tómstundafulltrúi Strandabyggðar hefur sinnt starfi framkvæmdastjóra HSS eins og s.l. ár. Samstarfssamningur var endurnýjaður þann 7. júní 2013 um það mál. Esther Ösp Valdimarsdóttir tók við starfi tómstundafulltrúa Strandabyggðar s.l. vor. Hefur hún séð um heimsíðu HSS og borið hitann og þungann af allri vinnu er varðar birtingu á úrslitum og auglýsingum í tengslum við mótahald og hinn ýmsu samskipti við ÍSÍ, UMFÍ og aðildarfélög HSS.

Guðbjörg Hauksdóttir tók að sér vinnu við samantekt á afrekaskrá HSS í frjálsum í vetur. Er nú búið að birta hluta af því verkefni á heimasíðu HSS.

### Fundir:

Formaður og Rósmundur fóru á sambandsþing UMFÍ í Stykkishólmi í október. Formaður fór á formannafund ÍSÍ í lok nóvember. HSS hélt fund á Café Riis með starfsmönnum UMFÍ, Ómari Braga og Jóni Kristjáni, þar sem farið var yfir starfið hjá UMFÍ og HSS og rætt um vetrarstarfið og fleiri mál.

### Lokaorð:

Ég vil þakka öllum sem hafa starfað með mér í stjórn HSS. Ég vil einnig þakka öllum sem styrkt hafa sambandið á árinu með einhverjum hætti.

Guðbjörgu Hauksdóttur var sérstaklega þakkað fyrir góð störf við að taka saman Strandamet í afrekaskrá HSS sem nú hefur verið birt á vef HSS þrátt fyrir að verkefninu sé enn ekki lokið.



Kynnt var að ársskýrslur aðildarféлага væru aftar í ársskýrslu HSS og að skýrsla frá Sundfélaginu Gretti og Golfklúbbsi Hólmavíkur hafi borist þrátt fyrir að ná ekki í skýrsluna.

Umræða um skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir eða spurningar. Skýrslan lögð fram til atkvæðis. *Samþykkt samhljóða.*

Umræða um skýrslu stjórnar. Engar athugasemdir eða spurningar. Skýrslan lögð fram til atkvæðis. *Samþykkt samhljóða.*

### 3.2. Kjörbréfanefnd - niðurstöður

Kjörbréfanefnd kom nú fram eftir að hafa lokið störfum. Árný Huld Haraldsdóttir formaður kjörbréfanefndar skilar álitum fyrir hönd nefndarinnar. Athugasemdir gerðar við að Birkir Stefánsson mætti seint, Óskar Torfason sem ekki var mættur og Viktoríu Ólafsdóttur sem mætt var fyrir hönd Sundfélagsins Grettis en kjörbréf vantaði. Var leyst úr öllum þessum málum farsælega. *Samþykkt samhljóða.*

Framkvæmt var nafnakall aðildaféлага: Skíðafélag Strandamanna 3 fulltrúar. Leifur Heppni 4 fulltrúar. Golfklúbbur Hólmavíkur 2 fulltrúar. Geislinn 13 fulltrúar. Umf. Neistinn 4 fulltrúar. Umf. Hvöt 2 fulltrúar. Sundfélagið Grettir 1 fulltrúi.

### 5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Þorsteinn Newton gjaldkeri stjórnar HSS lagði fram endurskoðaða reikninga ársins 2013. Þorsteinn fór yfir reikninga og útskýrði einstaka töluliði.

#### Helstu upphæðir ársreiknings 2013:

- Tekjur alls: 2.582.395 kr.
- Gjöld alls: 2.704.815 kr.
- Skuld og eigið fé kr. 5.359.573.-
- Eigið fé og eignir er kr. 2.954.207.-
- Handbært fé alls: 5.291.376

Á árinu var tap sem nemur 47.631 kr.

Tekjur hafa minnkað milli ára, aðallega út af styrkjum sem voru minni en árið áður. Helstu tekjur má m.a. rekja til innanhússmóts í frjálsum íþróttum og fótboltamóts sem haldin voru sl. vetur. Vantar tekjur frá sveitafélögunum eins og fengist hafa undanfarin ár.

Þorsteinn tók fram að veittur hafi verið sérstyrkur til Golfklúbbsins.



Umræða um gjald sem FRÍ hefur lagt á HSS og önnur samband þar sem rukkað er ákv. gjald pr. félagi, kom fram óánægja hjá stjórn HSS um þetta fyrirkomulag.

Þorsteinn tekur fram að raunhæft sé að áætla að sambandið eigi tæpar þrjár milljónir eins og staðan er í dag eftir að lottógreiðslur og annað hafa verið reiddar af hendi.

Halla og Líney svara spurningu Þorsteins um þjónustugjöld til FRÍ.

Ekki hefur verið gerður upp kostnaður við laun framkvæmdastjóra fyrir árið 2013, sem á í raun eftir að gera upp við Strandabyggð. Vignir tekur fram að framkvæmdarstjóri hafi ekki starfað allt árið 2013 vegna starfsmannabreytinga. Kostnaður af framkvæmdastjóra er 500.000 kr. á ári. Kostnaðinn fyrir síðasta ár þarf að endurskoða hjá sveitastjórn þar sem Arnar lét af störfum í apríl og Esther Ösp kom ekki til starfa fyrr en í ágúst.

Spurt er um styrki sveitarfélaga til Héraðssambandsins. Þorsteinn svarar því til að ekki hefur þótt rétt að sækja eftir styrkjum minni sveitarfélaga á meðan ekki hafi verið gengið frá þeim málum við Strandabyggð. Styrktartilboð Strandabyggðar hafi verið það lágt að HSS hefur ekki viljað ganga að þeim og umræður um málið hafa ekki skilað árangri. Þannig virðist eitthvað hafa strandað í kerfinu og þörf á að kanna það. Esther tómsfundafulltrúi gerir grein fyrir því að hún þekki ekki málið.

Reikningar bornir upp til samþykktar síðar á fundinum

## 6. Skýrsla framkvæmdastjóra

Esther Ösp Valdimarsdóttir las skýrslu framkvæmdarstjóra.

Framkvæmdarstjóri HSS starfar samkvæmt samningi við Strandabyggð. Samningurinn hljóðar upp á að tómsfundarfulltrúi sinni málefnum HSS í 10% starfshlutfalli árið um kring en oft skarast starf tómsfundarfulltrúa sveitarfélags og framkvæmdarstjóra íþróttasambands. Esther Ösp Valdimarsdóttir tók við starfi tómsfundarfulltrúa og þar með framkvæmdarstjóra HSS í júní síðastliðnum en hóf fullt starf í 100% stöðu í ágúst 2013. Þar af leiðir hefur núverandi framkvæmdarstjóri ekki yfirsýn yfir allt síðastliðið starfsár og getur því ekki gert því fyllilega skil.

Framkvæmdarstjóri HSS hefur aðsetur í Þróunarsetrinu að Höfðagötu 3 á Hólmarvík. Þangað berast bréf, erindi og tölvupóstar til sambandsins og þeim er komið áleiðis eftir því sem við á hverju sinni. Framkvæmdarstjóri situr fundi stjórnar, ritar fundargerðir og heldur utan um dagskrá þeirra ef þörf krefur en þó hefur komið fyrir að framkvæmdarstjóri hafi ekki séð sér fært að mæta á fundi, einkum ef til þeirra er boðað með skömmum fyrirvara.



Utan fundartíma er framkvæmdarstjóri í tíðum samskiptum við formann HSS og sömuleiðis gjaldkera þegar þörf krefur. Samskipti við stjórnir sem og þjálfara einhverra aðildarfélagana hafa einnig verið töluverð og ávallt til hagsbóta. Þess utan aðstoðar framkvæmdarstjóri við framkvæmd móta, skráningu úrslita, skráningu keppenda í mót, samskipti milli aðila ungmennafélaga annars vegar og sveitarstjórnar hins vegar sem og sérsambanda og íþróttahreyfingarinnar, styrkumsóknir, samningsgerðir, hugmyndavinnu, faglega uppbyggingu starfsins, leitun á fræðslufni og svo mætti lengi telja. Loks hefur framkvæmdarstjóri umsjón með vefsíðu HSS ([www.hss.123.is](http://www.hss.123.is)), útgáfu fréttabréfa, auglýsingagerð og upplýsingagjöf almennt.

Vefsíðuna, Facebook síðuna og fréttaskrif almennt mætti sannarlega auka og gera sýnilegri. Slíkt ætti að vera auðvelt ef aðildarfélög og einstaklingar væru iðnari að senda framkvæmdastjóra tilkynningar og tilbúnar fréttir með góðum fyrirvara og deila ljósmyndum sínum og upplifunum á Facebook síðunni en mikilvægt er að gera starf HSS og aðildarfélagana sýnilegra. Heimasíðan sjálf hefur vissulega sína annmarka hvað varðar deilingu á myndum og textavinnslu.

Verkefni sem sérstaklega hefur verið unnið að þennan veturinn er byrjunarvinna fyrir íþróttavöll við íþróttahúsið á Hól mavík. Áfram verður unnið að þessu í samstarfi HSS, aðildarfélagana og sveitarstjórnar en það má með sanni segja að samstarf framkvæmdastjóra HSS og tómstundarfulltrúa gangi mjög vel. Vonandi verður reistur íþróttavöllur utandyra á Hól mavík innan fárra ára. Annað verkefni er undirbúningsvinna samstarfssamninga við Strandabyggð, en aðildarfélög í öðrum sveitarfélögum hafa ekki komið að máli við framkvæmdastjóra hvað þetta mál varðar. Tími hefur einnig farið í að kynna sér málin, heimsækja skrifstofur UMFÍ og ÍSÍ og gera hlutina í fyrsta skiptið, en það er alltaf tímafrekara.

Á komandi starfsári verður reynslan meiri og því verður starfið vonandi skipulagðara og unnið af meiri fagmennsku. Vonandi gefst þá einnig tími til að nýta í auknum mæli öll þau námskeið, fróðleik, fundarhöld og samstarf sem í boði eru og vinna enn frekar í því að gera starf HSS faglegra og fjölbreyttara með ykkar hjálp.

Esther þakkar góðar móttökur og þolinmæði stjórnar HSS, formanna aðildarfélagana, sjálfboðaliða og íþróttaiðkenda í sinn garð og hlakkar til góðs og gæfuríks samstarfs í framtíðinni.

Vignir ræddi um samstarf við tómstundarfulltrúa, en hún er í 10% starfi sem framkvæmdastjóri HSS.

**Vignir stýrir atkvæðagreiðslu um ársreikninga og skýrslur.**

*Ársreikningar samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.*



*Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra samþykktar samhljóða.*

## Ávarp gesta

Fundarstjóri bauð gestum þingsins að ávarpa þingið.

### Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdarstjóri ÍSÍ ávarpar þingið:

Líney Rut frá ÍSÍ steig í pontu og þakkaði fyrir boðið. Hún færir okkur kveðju frá Lárusi Blöndal formanni ÍSÍ og framkvæmdastjórn. Hún þakkar fyrir skýrslu og reikninga. Líney minnir á að ekki megi vanmeta þá vinnu sem liggur að baki, því þetta eru góðar heimildir til seinni tíma. Hún telur enga þörf á að óttast þrátt fyrir mínus í ársreikningur enda vel haldið á spöðunum. Líney hvetur stjórnina til dáða í samningum við sveitarfélög og hvetur til að nýta sóknartækifæri á kosningarári og halda áfram að herja á að fá styrki. Eins hvetur hún til þess að tólmstundafulltrúinn sé nýttur sérstaklega í þessum efnum.

Líney Rut kynnir starfssemi ÍSÍ. Hún ræðir sérstaklega almenningsíþróttaverkefnið „Hjólað í vinnuna“ sem og vefina Hreyfitorg sem ÍSÍ tók við af Landlæknisembættinu og „Allir sem einn“. Einnig ræðir hún um Fyrirmyndarfélag, nokkuð sem við þyrftum að kynna okkur og nýta til að sýna fram á góðan árangur og einnig til að styrkja okkur við styrkbeiðnir. Ákveðin skilyrði þarf að uppfylla en líklegast eigum við ekki langt í land með að ná þeim. Nýr starfsmaður, Ragna Ingólfssdóttir verkstjóri kynningarmála hjá ÍSÍ kynntur og við hvött til að leita til starfsfólks ÍSÍ með alls kyns erindi. Líney bendir einnig á heimasíðu ÍSÍ, þar eru stefnur, lög- og reglugerðir, viðbragðsáætlun og margt fleira.

Smáþjóðleikar eru á næsta ári og kosta mikla vinnu og óskað er eftir sjálfbóðaliðum til þess verkefnis.

Líney segir frá Felix, þar sem mikilvægt er að skila skýrslum tímanlega; í apríl á ári hverju. Aðildarfélag HSS eiga hrós skilið, enda öll búin að skila skýrslu. Um þessar mundir er í gangi endurskoðunarvinna við Felix og því hvetur hún alla til að senda inn ábendingar ef eitthvað má betur fara. Einnig vill hún hvetja okkur til að vinna eftir stefnum og ábendingum sem koma frá ÍSÍ.

Líney hvetur alla til að senda framkvæmdastjóra HSS sem mest af fréttum og efni til að aðstoða við að vekja athygli á starfinu og koma upplýsingum og fréttum til félagsmanna.

Líney tilkynnir að framkvæmdarstjórn ÍSÍ hafi samþykkt að heiðra Ragnar Bragason hjá Skíðafélagi Strandamanna með silfurmerki fyrir sín góðu störf í þágu íþróttastarfs og þá sérstaklega barnastarfs á Ströndum auk þess að vera öflugur iðkandi. Salurinn fagnar með einlægu lófaklappi.





Loks bendir Líney á bæklinga og útgáfu ÍSÍ og þá sérstaklega nýja bæklinga um forvarnir gegn einelti og kynferðisofbeldi og ítrekar að ekki megi stinga höfðinu í sandinn hvað þessi mál varðar.

Líney þakkar sérstaklega fyrir óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf þeirra sem hér eru og minnir á hversu dýrmætt það er, enda ekki sjálfsagt að gefa tíma sinn. Líney þakkar fyrir sig.

### Halla Kjartansdóttir, skrifstofustjóri ÍSÍ ávarpar þingið:

Halla Kjartansdóttir kynnir sjálfbóðaliðavefinn „Allir sem einn“ og kennir þátttakendum þingsins á vefinn. Um er að ræða vef sem Ólafur Rafnsson heitinn hafði mikinn áhuga fyrir enda mikilvægt að halda utan um allt þetta óeigingjarna sjálfbóðastarf. Eins getur þetta verið gott tæki til að sýna fram á hversu mikil vinna liggur að baki starfinu. Vefurinn byggir upp á dagatali og er settur upp til að skrásetja störf fyrir hreyfinguna. Störf geta verið nefndarfundir, foreldrastarf, vinna við mót, t.d. tímavarsla, miðasala, að vera á kústinum, sjoppa, uppskeruhátíðir og hvað sem er. Vefurinn er gerður til þess að hægt sé að fylgjast með hversu mikill tími fer í störf í kring um íþróttir. Hægt er að fylgjast með ferlinum yfir lengra tímabil. Tilgangur vefsins er að sjá hversu mikil verðmæti liggja í sjálfbóðaliðastörfum. Skráningin er einstaklingsbundin. Gæti komið sér vel sem baráttutæki þegar sótt er um styrki.

Líney og Halla hvetja eindregið til þess að allir skrái vinnu sína þarna inn. Esther bendir á að ef skráning er góð verður mögulegt að nýta vefinn sem þrýstiafl í umsóknum um styrki.

Vignir þakkar sérstaklega fyrir innlegg gesta og hvetur til nýtingar á vefnum „Allir sem einn“.

## 7. Kosning nefnda þingsins

Vignir Örn formaður og fundarstjóri bar upp tillögur stjórnar um skiptingu í uppstillingarnefnd, fjárhagsnefnd, íþróttanefnd og allsherjar- og laganefnd.



### Uppstillingarnefnd

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir formaður  
Árný Helga Haraldsdóttir  
Margrét Bjarnardóttir  
Óskar Torfason  
Þorsteinn Guðmundsson

### Fjárhagsnefnd

Þorsteinn Paul Newton formaður  
Ingimundur Pálsson  
Ingvar Björnsson  
Jóhann L. Jónsson  
Rósmundur Númason  
Vala Friðriksdóttir

### Allsherjar- og laganefnd

Vignir Örn Pálsson formaður  
Signý Ólafsdóttir  
Guðbrandur Albertsson  
Lýður Jónsson  
Birkir Þór Stefánsson  
Jóhanna Rósmundsdóttir

### Íþróttanefnd

Aðalbjörg Óskarsdóttir formaður  
Hrefna Guðmundsdóttir  
Ragnar Bragason  
Guðbjörg Hauksdóttir  
Viktoría Rán Ólafsdóttir  
Harpa Ólafsdóttir  
Sigríður Drífa Þórólfsdóttir  
Stefán Snær Ragnarsson  
Trausti Rafn Björnsson  
Theódór Þórólfsson  
Jamison Ólafur Johnson  
Eiríkur Valdimarsson  
Íris Jóhannsdóttir  
Ingibjörg Benediktsdóttir

*Tillaga um nefndir samþykkt samhljóða.*

## 8. Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda

- Þorsteinn Newton tók til máls og lagði fram rekstraráætlun sem lögð var fyrir fjárhagsnefnd.

*Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til fjárlaganefndar.*

- Vignir tók til máls og lagði fram tillögu frá stjórn og framkvæmdastjóra HSS:

*Tillaga: „67. ársþing HSS haldið í félagsheimilinu á Hólmavík miðvikudaginn 30. apríl samþykkir að halda afmælishóf í haust í tilefni af 70 ára afmæli HSS á þessu ári.“*

- Fundarstjóri og formaður leggur til að drög að mótaskrá sumarsins 2014 verði lögð fyrir íþróttanefnd.

*Samþykkt samhljóða að vísa tillögunni til íþróttanefndar.*

- d. Vignir fundarstjóri og formaður kynnir tillögu stórnar að lagabreytingum og leggur til að þeim verði vísað til allsherjar- og laganefndar.

Lagabreytingartillaga 1: Að felldur verði út liður i) í 3. grein í 1. kafla laganna:

- i) Að vinna að jafnrétti allra manna.

En í staðinn sett eftirfarandi grein:

- i) Að vinna að öðru leyti samkvæmt lögum ÍSÍ og UMFÍ.

Lagabreytingartillaga 2: Að liður 11 b) í 15. Grein 3. Kafla laganna verði breytt þannig:

- b) Tveir endurskoðendur og tveir til vara

Verði héðan af:

- b) Tveir skoðunarmenn og tveir til vara.

Lagabreytingartillaga 3: Að bætt verði inn orðunum „að mati stjórnar“ í 16. grein í 3. Kafla laga HSS og verði hún því svohljóðandi:

Aukapíng skal halda ef nauðsyn krefur að mati stjórnar eða helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapíngs má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapíngi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapíngi má ekki gera laga- eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt ársþing.

Lagabreytingartillaga 4: Breytingar á 4. kafla laga HSS, lög um lagabreytingar. Felldar verði út eftirfarandi greinar:

21. Lög þessi skal endurskoða á sex ára fresti og leggjast þá fram til samþykktar grein fyrir grein og í einni heild.
22. Lög þessi öðlast þegar gildi.

En í staðinn sett eftirfarandi grein:

21. Lög þessi öðlast gildi þegar ÍSÍ hefur staðfest þau.

*Samþykkt samhljóða að vísa tillögunum til allsherjar- og laganefndar.*



Kaffipása - Glæsilegar veitingar í boði Geislans á vegum nemenda 10. bekkjar í Grunnskólanum á Hól mavík.

## 9. Nefndarstörf

Nefndir störfuðu samhliða því að gæða sér á glæsilegum veitingum.

### Verðlaunaafhendingar

Vignir Pálsson tók nú til máls og lýsti kjöri efnilegasta íþróttamanns ársins og íþróttamanns ársins hjá HSS.

Efnilegasti íþróttamaður HSS árið 2013:

1. sæti: Trausti Björnsson
2. sæti: Jamison Ólafur Johnson

Íþróttamaður HSS árið 2013:

1. sæti: Birkir Þór Stefánsson
2. sæti: Harpa Óskarsdóttir og Sigríður Drífa

Trausti og Birkir Þór tóku við viðurkenningum sínum á formi farandbikara undir lófataki allra viðstaddra, auk þess var Birki veittur eignabikar fyrir að hafa hlotið titilinn þrisvar sinnum.

### Hvatningarbikar

Vignir Örn Pálsson kynsir val stjórnar á handhafa Hvatningabikars UMFÍ fyrir árið 2013:

Stjórn HSS hefur ákveðið að bikarinn í ár fari til frjálsíþróttadeilda umf. Geislans og umf. Hvatar fyrir þeirra öflugna samstarf síðasta sumar og haust sem skilað hefur mikilli aukningu í frjálsíþróttastarfið á svæðinu og er gott dæmi um jákvæða hluti sem gerast oft þegar aðilar snúa bökum saman um ákveðið verkefni. Vonumst við líka til að þetta verði gott innlegg í umræðuna um nauðsyn þess að hafa góðan frjálsíþróttavöll á Hól mavík og vekji athygli á þessu starfi og hvetji fólk til framkvæmda.

Árný Huld Haraldsdóttir formaður umf. Geislans og Sigríður Drífa Þórólfsdóttir formaður umf. Hvatar og frjálsíþróttabjálfi samstarfsins taka við bikarnum undir dynjandi lófataki.

## 10. Nefndarálit, umræður og atkvæðagreiðslur

Fundarstjóri bauð nú nefndum að skýra frá vinnu sinni og tillögum. Fyrstur í pontu var Þorsteinn P. Newton, formaður fjárhagsnefndar.



### Fjárhagsnefnd

Þorsteinn P. Newton kom í pontu og lagði fram rekstraráætlun fyrir árið 2014.

*Tillaga um rekstraráætlun samþykkt samhljóða.*

Nefndin leggur þrjár tillögur fram til samþykktar ársþings:

1. Nefndin leggur til að 67. ársþing HSS haldið á Hólmavík 30.04.2014 samþykki að stjórn HSS sendi sveitarstjórn Strandabyggðar formlegt erindi vegna styrktarsamnings HSS og Strandabyggðar og ítreki í því bréfi að klára verði að taka mál þeirra fyrir í sveitarstjórn.
2. Nefndin leggur til að 67. ársþing HSS haldið á Hólmavík 30.04.2014 mótmæli þeirri kröfu sem FRÍ hefur sent HSS vegna þjónustugjalda á hvern iðkanda sem stundar frjálsar íþróttir innan sambandsins.
3. Nefndin leggur til að 67. ársþing HSS haldið á Hólmavík 30.04.2014 mótmæli þeim þjónustugjöldum sem Skíðasamband Íslands setur á Skíðafélag Strandamanna.

*Allar tillögur fjárhagsnefndar samþykktar samhljóða og án athugasemda.*

Eftir atkvæðagreiðslu skapast umræður um þjónustugjöld Skíðasambands Íslands. Eðli þeirra útskýrt en þannig er mál með vexti að stjórn Skíðafélags Strandamanna telur kröfu Skíðasambandsins á hvern og einn skíðaiðkanda er allt of háa fyrir lítil félög úti á landi.

Viðbótartillaga lögð fram úr sal: Golfklúbburinn leggur til að bætt verði við tillögu varðandi þjónustugjöld hvað varðar þeirra starf, en krafa Gólf sambandsins er sligandi. Ákveðið að taka umræðu upp að nýju í önnur mál.

4. Nefndin leggur til að 67. ársþing HSS haldið á Hólmavík 30.04.2014 mótmæli þeim þjónustugjöldum sem Gólf samband Íslands innheimtir af skráðum félögum Golfklúbbs Hólmavíkur.

*Samþykkt samhljóða.*

### Allsherjar- og laganefnd

Vignir Örn Pálsson formaður nefndarinnar gerði grein fyrir tillögum nefndarinnar.

- a. Tillaga 1 um 70 ára afmælishóf HSS sem fram kom í 8. lið þessarar fundargerðar, „Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda“ kynnt.

*Samþykkt samhljóða.*

- b. Lagabreytingartillaga 1, lagabreytingartillaga 2, lagabreytingartillaga 3 og lagabreytingartillaga 4 sem kynntar voru í lið 8 í þessari fundargerð „Framkomnar tillögur lagðar fram og vísað til nefnda.“

*Allar tillögurnar samþykktar samhljóða án sérstakrar umræðu eða upplestrar.*



- c. Lagabreytingartillaga á 7. grein laga HSS. Lagt til að orðinu spjaldskrá verði skipt út fyrir orðið skrá á þremur stöðum. 7. grein verði því svohljóðandi:

Öllum sambandsaðilum er skylt að gera skrá yfir félag sína. Í skránni skal standa nafn, fæðingardagur, ár og hvenær viðkomandi gekk í félagið. Sambandsfélögin skulu senda HSS afrit og breytingar á skránni með ársskýrslum.

*Samþykkt samhljóða.*

- d. 67. þing samþykkir að stjórn vinni að endurskoðun laga HSS í samræmi við önnur héraðssambönd með það að markmiði að einfalda og nútímavæða lög HSS fyrir næsta ársþing.

*Samþykkt samhljóða.*

Vignir bendir á 45. og 46. grein laga ÍSÍ um hlutverk, skyldur og réttindi héraðssambanda og íþróttabandalaga og leggur til að þingfulltrúar kynni sér þessar greinar.

### Íþróttanefnd

Aðalbjörg Óskarsdóttir formaður íþróttanefndar lagði fram tillögu að mótadagskrá sumarsins frá íþróttanefnd.

**Tillaga að mótadagskrá sumarsins 2014:**

- 5. júní kl. 18:00 - Götuhlaup HSS á Hólmavík
- 28. júní kl. 11:00 - Polla- og þæjumót á Skeljavíkurgundum
- 6. júlí - Héraðsmót HSS á Sævangi
- 10. ágúst - Barnamót í frjálsum íþróttum í umsjón Geislans og Hvatar
- 30. ágúst Göngudagur fjölskyldunnar
- 6. september - Þrípraut HSS á Hólmavík

Íþróttanefndin ályktar að það þurfi betri tímastjórn á Héraðsmóti HSS og leggur til að skipaðir verði stöðvarstjórar sem sjá um ákveðnar greinar í von um að hægt verði að stytta mótstímann.

Íþróttanefndin hefur áhuga á því að SamVest þjálfari verði fenginn til að koma á félagssvæðið.

*Eftir nokkrar umræður í sal er dagskráin samþykkt samhljóða.*

### Uppstillingarnefnd

Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, formaður uppstillingarnefndar, fór yfir tillögur um skipan í ráð og nefndir.



## Stjórnir, ráð og nefndir

Þá var borin fram tillaga um uppstillingu á stjórn HSS sem er öll reiðubúin til að sitja áfram. Aðalmenn í stjórn samkvæmt tillögu uppstillingarnefndar væru Vignir Örn Pálsson, Þorsteinn Newton, Rósmundur Númason, Hrafnhildur Þorsteinsdóttir og Guðbjörg Hauksdóttir. Varamenn væru Óskar Torfason, Bjarnheiður Júlía Fossdal og Birna Richardsdóttir.

*Tillagan samþykkt samhljóða með lófataki.*

Þá bar Hrafnhildur fram eftirfarandi tillögu að skipan í ráð og nefndir:

### Körfuboltaráð:

- Jóhanna Rósmundsdóttir
- Bjarki Hólm Guðlaugsson
- Ragnar Bragason

*Til vara:*

- Ragnheiður B. Guðmundsdóttir
- Björn Torfason

*Tillagan samþykkt samhljóða*

### Frjálsíþróttaráð:

- Viktoría Ólafsdóttir
- Jóhann L. Jónsson
- Birna Ingimarsdóttir

*Til vara:*

- Hrafnhildur Þorsteinsdóttir
- Bjarnheiður Júlía Fossdal

*Tillagan samþykkt samhljóða*

### Sundráð:

- Aðalbjörg Óskarsdóttir
- Þorsteinn Guðmundsson
- Eiríkur Valdimarsson

*Til vara:*

- Guðbjörg Hauksdóttir
- Helga L. Arngrímsdóttir

*Tillagan samþykkt samhljóða*

### Knattspyrnuráð:

- Halldór Logi Friðgeirsson
- Jón Eðvald Halldórsson
- Hrefna Guðmundsdóttir

*Til vara:*

- Guðbrandur Óli Albertsson
- Steinar Þór Baldursson

*Tillagan samþykkt samhljóða*

### Unglingalandsmótsnefnd:

- Ragnheiður B. Guðmundsdóttir
- Guðbjörg Hauksdóttir
- Fjóla Línal Jónsdóttir

*Tillagan samþykkt samhljóða*

### Skoðunarmenn reikninga:

- Þorsteinn Sigfússon
- Ingimundur Pálsson

*Til vara:*

- Signý Ólafsdóttir
- Ólafur Ingimundarson

*Tillagan samþykkt samhljóða*

## 12. Önnur mál

Fundarstjóri gaf nú orðið laust.

- a. Theódór Þórólfsson tekur til máls og leggur til að stofnuð verði ungmennanefnd til að starfa á aðalþingi HSS. Einskonar ungmennaráð HSS sem eina af nefndum þingsins.

Unga fólkíð fær þá vettvang til umræðna, nokkuð sem margt gott gætið komið út úr, enda er unga fólkíð helstu þjónustuþegar HSS. Sú umræða kemur upp að frumkvæði Signýjar Ólafsdóttur að ungmennaráð ætti að starfa innan vébanda HSS allan ársins hring. Hrefna Guðmundsdóttir leggur til að stjórn HSS finni þessari umræðu farveg, varðandi það hvort stofnað verði ungmennaráð innan HSS eða ungmennanefnd sem starfar á Ársþingi HSS. Vignir Pálsson leggur til að stofnað verði ungmennaráð sem starfi á Ársþingi HSS.

Tillaga: Að stjórn skipi ungmennaráð og að slík nefnd starfi á ársþingi HSS.

*Samþykkt samhljóða.*

- b. Árný Huld tekur til máls. Hún spyr hvort komin sé niðurstaða í búningamál HSS? Tekið er fram að Geislinn hafi nýlega hafið sölu á íþróttagöllum á sínum vegum en það er talið geta staðið í vegi fyrir kaupum á sérstökum HSS göllum. Geislagallarnir eru hefðbundnir íþróttagallar og því gæti hentað betur að HSS búningar væru keppnisgallar eða æfingagallar fyrir frjálsar íþróttir. Guðbjörg Hauksdóttir leggur til að keyptir verði æfingagallar.
- c. Árný Huld ræðir lengd ársþings HSS. Árný Fólk vekur athygli á því að erfitt sé að fá fólk til að taka þátt í ársþingi HSS sökum þess hve það dregst á langinn og óskar eftir því að leitað verði leiða til að stytta þingið.
- d. Lýður Jónsson vekur athygli á því að allt sem berist ÍSÍ þurfi að vera formlegt og skriflegt til að hægt sé að taka mark á því. Efni þurfi því ýmist að berast í bréfi eða tölvupósti.
- e. Ragnar Bragason tekur til máls og hrósar stjórn HSS fyrir gott og öflugt starf og Guðbjörgu fyrir starf sitt við afrekaskrána og Strandametin. Ragnar spyr um tæknileg atriði varðandi skráningu, svo sem löglegar mælingar og veðurfarslegar aðstæður. Hann bendir á að mikilvægt að skráðar séu veðurfarslegar aðstæður.
- f. Vignir Örn tekur búningamálið upp að nýju og hvetur til þess að frá því verði gengið hið fyrsta. Hann greinir frá því að HSS geti jafnvel unnið að því að fá styrki til að kaupa keppnisgalla fyrir frjálsar íþróttir.

### 13. Þingslit.

Vignir Örn Pálsson tók til máls og þakkaði fundarriturum fyrir störf sín og leggur til að fundargerð verði sett inn á vefinn í stað þess að vera lesin upp. Auk þess þakkaði hann





Geislaþólkur fyrir góðar móttökur og veitingar. Formaður Geislans Árný Huld Haraldsdóttir stóð á fætur og þakkaði Danmerkurförum og foreldrum þeirra fyrir góðar veitingar. Þingfulltrúar klöppuðu duglega fyrir frábærum móttökum. Vignir sleit síðan þinginu, óskaði öllum góðrar heimferðar og hvatti alla til að mæta á fyrsta mót sumarsins degi síðar, Bridgemót í Árneshreppi, og óskaði eftir góðri þátttöku á viðburðum sumarsins.

*Þingi slitið um kl. 23*

*Fundargjörð rituð af Esther Ösp Valdimarsdóttur  
og Hrefnu Guðmundsdóttir,  
hreinskrifuð í tölvu af Esther Ösp Valdimarsdóttur.*

## Viðauki 1

Tillögur úr nefndarstarfi sjálfstæðrar ungmenna- og hugmyndanefndar sem hópaði sig saman vegna ofgnóttar þingfulltrúa í íþróttanefnd, en erfitt var að koma orðum að í svo stórum hópi.

- Stofnuð verði U20 nefnd þar sem ræddar eru íþróttir á komandi ári.

Tillögur fyrir vetrarstarf:

- Tryggt verði að Tae kwon doe haldi áfram því áhuginn er ótrúlega mikill hjá krökkunum.
- Hafa það sem heitir „kynning“ þar sem ein íþrótt er í einn mánuð í senn, s.s. handbolti, körfubolti, fimleikar, badminton og borðtennis.
- Efla áhuga á skíðum.
- Skautasvell fyrir áhugasama.

Tillögur fyrir sumarstarf:

- Motorcross æfingar einu sinni í viku.
- Skák – Halda námskeið fyrir alla aldurshópa sem vilja kynna sér skák hjá sérfræðingi.
- Frjálssar – Leysa úr því að þeir sem vilja æfa hlaup fá að æfa hlaup. Kanna þarf hvort þurfi meiri tíma eða fleiri þjálfara til að æfa köst, hlaup og stökk.
- Knattspyrna – Til dæmis búðir þar sem hægt er að koma að krökkum frá landsbyggðinni þannig að þau eigi möguleika á að komast í úrvalshóp.